

# Leikskólinn Arnarsmári

## Samræðulestur og fleiri leiðir til að efla og ýta undir læsi barna

Í leikskólanum Arnarsmára var þróunarverkefnið að mestu unnið út frá lestraraðferð sem kallast Samræðulestur. Sú aðferð byggir á samræðum eins og nafnið bendir til og lögð er áhersla á að fá börnin til að segja frá með sínum orðum í bland við texta sögunnar þegar við á. Rannsóknir sýna að þegar lesið er með aðferð *Samræðulesturs* eykur það orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barnanna.

Megin ástæðan fyrir þessari áherslu var sú að verkefnastjórinn, Hrafnhildur Steinþórsdóttir, hafði unnið rannsókn í meistaranámi sínu á þessari aðferð sem hafði sýnt að hún geti hæglega stuðlað að auknum málþroska barna sem hennar njóta. Einnig hefur leikskólinn unnið með Orðaspjall síðan árið 2012 sem er aðferð sem glæðir einstaka orð lífi með útskýringum og spjalli. Þátttakendur í verkefninu voru 90 börn og foreldrar þeirra auk allra kennara Arnarsmára.

Markmiðið með verkefninu var fyrst og fremst að leggja grunn að þróun bernskulæsis hjá börnum leikskólans. Einnig að koma upp nýjum leiðum til að efla samstarf við foreldra með tilliti til læsishvetjandi þátta. Þar að auki var markmið þess að efla fjölbreytta vinnu starfsfólks með alla þætti málþroskans, það er málskilning, -tjáningu og læsi bæði í leik og skapandi starfi barnanna. Auk þess var vonast til að verkefnið myndi efla hæfni og þekkingu fullorðna fólksins á viðfangsefninu og styrkja það í starfi sínu.

### Framkvæmd

Vinna að framkvæmd verkefnisins hófst í september árið 2016 þar sem hugmyndavinnan fór í gang. Í september var Samræðulestur kynntur fyrir starfsfólki leikskólans og hugmyndir verkefnisins ræddar með hópnum. Þar var tekin sú ákvörðun að vera með sérstaka lestrar-mánuði, þar sem börnunum yrði boðið að taka með sér bækur heim að láni. Ákveðið var að í þessum mánuðum yrði einnig boðið upp á Samræðulestrarhópa á hverri deild.

Í lok september var foreldrafundur leikskólans haldinn og þar var meðal annars kynning á þróunarverkefninu og Samræðulestrinum.

Áður en fyrra lestrarátakið hófst fengu starfsmenn leikskólans ítarlega kynningu á því á fræðslumorgni. Var þá farið yfir reglur bókaútlána, skráningu og tilgang átakansins. Sett var sú regla að hvert barn mætti taka með eina bók í einu og þyrfti að láta kennara skrá á þar til gert skráningarblað dagsetningu útláns og hvenær bókinni var skilað. Búið var að fá um 90 bækur að láni frá Bókasafni Kópavogs til að lána börnum leikskólans og auk þess voru um 100 bækur sem leikskólinn átti og setti í verkefnið. Bækurnar voru allar flokkaðar og litamerktar eftir því hvort texti þeirra væri mikill eða lítill og var reynt að velja þær með tilliti til Samræðulesturs.




Fyrri lestrarátakið hófst 1. nóvember og voru bókakassar staðsettir á sitthvorum ganginum og skráningarlistar voru inni á hverri deild. Börn og foreldrar voru hvött til að nýta sér þá.

Seinna lestrarátakið stóð yfir allan febrúarmánuð. Áður en það hófst var haldinn fræðslumorgunn með starfsfólki eins og gert var í fyrra skiptið. Lestrarátakið var með sama sniði og áður fyrir utan skráningarblöðin sem voru uppfærð og bókaúrvalið hafði eitthvað breyst.

Meðan á lestrarátökunum stóð fengu foreldrar senda hvatningu og fræðslu tengda læsi í tölvupósti frá verkefnastjóra.

### **Það sem var gert, fyrir utan Samræðulestur:**

- Í desember var hver deild með bókadagatal. Það var þannig útfært að öll börn komu með eina innpakkaða bók að heiman sem þau fengu að taka upp þegar nafn þeirra var dregið. Bækurnar áttu ekki að vera nýjar heldur bara þeirra uppáhaldsbók. Bækurnar voru lesnar á vinafundinum, sum börnin sögðu sjálf frá og stundum lásu kennararnir bækurnar.
- Stóri læsisdagurinn var haldinn í september og febrúar. Þar var börnum leikskólans skipt upp í hópa eftir aldri og fór hver hópur á átta stöðvar þar sem ýmis læsistengd verkefni voru. Má þar nefna verkefni eins og að ríma, klappa atkvæði, hlusta á örsögur, draga mynd og leika og margt fleira. Í febrúar var einnig opið hús þar sem foreldrar gátu komið og fylgst með læsisdeginum.
- Inni á deildum leikskólans var að finna bókaorma sem safna saman bókum sem lesnar eru yfir veturinn. Það var gaman að fylgjast með þeim stækka.
- Í apríl fengu öll börn bókabingóblað með sér heim. Hugsunin með því var að fjölskyldan myndi lesa á öðrum stöðum en vanalega og geta merkt við þegar því væri lokið. Sem sagt skemmtilegt, en um leið læsishvetjandi.
- Lubbi finnur málbein er kennslutæki sem var byrjað að nota haustið 2016. Keyptar voru bækur inn á hverja deild auk eins bangsa sem heitir Lubbi. Vikulega hefur Lubbi mætt með eitt máhljóð sem hann kennir börnunum ásamt lagi sem tilheyrir hverju hljóði fyrir sig.
- Á skipulagsdegi í mars fengu allar deildir leikskólans blað til að skrifa á allt það sem verið væri að gera með hverjum aldri sem tengdist læsi. Tilgangur þess var að gera allt góða starfið sýnilegt og gefa öðrum innblástur um hvað sé hægt að gera. Það má segja að ekki hafi verið nógu mikið pláss á blöðunum til að skrifa allt niður.
- Þegar börnin, sérstaklega á eldri deildum, hafa verið að byggja úr bæði eininga- og holukubbum hafa þau fengið tækifæri til að merkja byggingar sínar. Skriffæri, blöð og límbönd hafa því verið sýnileg í vetur.



### **Aðferðir við öflun gagna**

Verkefnastjóri tók saman niðurstöður á starfsmannafundum yfir veturinn þar sem starfsfólk var meðal annars beðið um að koma með ábendingar um það sem gekk vel og það sem betur mátti fara þegar litið var til lestrarátakanna tveggja, hvernig gekk að tileinka sér Samræðulestur og hvernig starfsfólki fannst til takast á Stóra læsisdeginum. Kennarar voru einnig duglegir að taka myndir af skemmtilegum augnablikum þar sem læsi var sýnilegt. Til að heyra raddir og skoðanir foreldra voru þeir beðnir um að svara rafrænum spurningalistum að lestrarátökum loknum. Á vormánuðum voru börn úr tveimur elstu árgöngum skólans spurð út í lestrarátakið til að heyra þeirra mat.

## Niðurstöður og mat

Mikill meirihluti barnanna tók bækur að láni. Í fyrra lestrarátakinu voru 75 börn af 90 sem nýttu sér bókakassana, þar af voru 59 börn sem fengu fleiri en eina bók að láni yfir mánuðinn. Í seinna lestrarátakinu voru 74 börn sem nýttu sér bókakassana einhvertíman og þar af voru 62 börn sem tóku fleiri en eina bók að láni.

Börnunum fannst skemmtilegt að fá lánaðar bækur heim. Þau þekktu Samræðulestur og sögðu það vera skemmtilega lestraráðferð.

Fyrri spurningalistanum svöruðu 52 foreldrar og 53 þeim seinni. Í svörum foreldra kom fram að 44% þeirra taldi að áhugi barna sinna hefði aukist á bókum og bókalestri í fyrra áttakinu. Eftir seinna átakið svöruðu 47% foreldra að áhugi barnanna hefði aukist á þessum þáttum.

Eftir fyrra lestrarátakið voru foreldrar spurðir hvort lestrarstundum hefði fækkað, fjölgað eða haldið sér eins á meðan lestrarátakið stóð yfir. Svöruðu þá 35% að þeim hefði fjölgað miðað við áður en 65% sögðu þær hafa haldið sér eins.

Þegar foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu nýtt sér Samræðulestur í fyrra lestrarátakinu svöruðu tæp 60% að þeir hefðu nýtt aðferðina oft eða mjög oft. Þá voru þeir spurðir hvort barnið hefði haft meiri ánægju af Samræðulestri miðað við hefðbundinn lestur og sögðu tæp 60% foreldra svo vera.

Til að komast að því hvort Samræðulestur væri aðferð sem væri vís til að festa sig í sessi hjá foreldrum voru þeir spurðir hvort þeir myndu nýta sér þessa aðferð áfram; 83% þeirra sögðust ætla að gera það.

Allir foreldrar sögðust vilja nýta sér bókakassana á næstu skólaárum. Þá voru starfsmenn einnig sammála um að vilja halda áfram að nýta sér Samræðulestur. Því var ákveðið að gera lestrarátök að föstum lið í starfi leikskólans Arnarsmára.

Það gekk vel að innheimta bækur sem voru í útláni þó einhverjir smávægilegir hnökrar hafi orðið á einstaka skráningum en það leystist þó allt að lokum.

Allir starfsmenn voru spenntir og áhugasamir um að hefja þetta verkefni. Þegar þeir voru spurðir að því hvernig þeim fannst ganga að bjóða öllum börnum upp á Samræðulestur að minnsta kosti einu sinni í viku voru svörin misjöfn. Flestir sögðu að það hefði gengið mjög vel á meðan nokkrir töluðu um tímaskort og erfitt væri að koma litlum lestrarhópum fyrir í dagskipulaginu á hverjum degi, þó voru allir búnir og boðnir að gera sitt besta til að bjóða upp á Samræðulestur. Á einni deildinni gekk til að mynda mun betur að bjóða upp á Samræðulesturinn í fyrra lestrarátakinu en seinna á meðan því var öfugt farið á annarri deild leikskólans. Allir starfsmenn voru þrátt fyrir þetta jákvæðir gagnvart því að halda áfram að bjóða upp á Samræðulestur innan leikskólans. Var einnig mikill áhugi fyrir því að halda áfram að vera með lestrarátök með sérstakri áherslu á þessa aðferð þar sem þetta brýtur upp leikskólastarfið og tengir heimilin við það á skemmtilegan hátt.



## Lokaorð

Að þessum vetri loknum er ljóst að þetta þróunarverkefni hefur glætt læsis/lestrarvenjur leikskólans lífi. Ljóst er að hér er komin lestraraðferð sem á vonandi eftir að festast í sessi um ókomin ár. Að mati kennara leikskólans setja svona lestrarmánuðir skemmtilegan svip á leikskólastarfið og gefa tækifæri til aukins foreldrasamstarfs þar sem börnin fá einnig að taka þátt. Þetta þróunarverkefni gaf starfsfólki einnig byr undir báða vængi að halda áfram á þeirri læsishvetjandi braut sem það hóf við innleiðingu Orðaspjalls. Að loknu Samræðulestrarverkefninu er ljóst að áhugi allra, barna, foreldra og kennara hefur aukist til muna á mörgum þáttum sem tengjast læsi leikskólabarna.

